

Foreldravísir

Gerðu börnin þín örugg á Netinu!



Styrkt af:

LIBERTYGLOBAL



Heimili og skóli

ins@fe



Með stuðni frá Netisveigakerfið og Netisveigir

Síminn



EFNISYFIRLIT

A. Um notkun þessa netöryggispakka

s. 4



B. Leiðbeiningar fyrir foreldra og forráðamenn

s. 5



1. Aðgát veitir öryggi

s. 6

2. Samskipti

s. 10

3. Rafrænt einelti

s. 15

4. Skemmtun og niðurhal

s. 17

C. Tillögur að lausnum verkefna

s. 21



1. Vörn veitir öryggi

s. 21

2. Samskipti

s. 24

3. Rafrænt einelti

s. 26

4. Skemmtun og niðurhal

s. 27

D. Orðasafn

s. 29



E. Gagnlegir tenglar

s. 38





A. Um notkun þessa netöryggisþakka

***Ef þú gerir áætlun til eins árs, plantarðu hrísgrjóni.
Ef þú gerir áætlun til 10 ára, plantarðu tré.
Ef þú gerir lífstíðaráætlun skaltu mennta barnið þitt.***

Kínverskt spakmæli

Kæra foreldri/forráðamaður

Námsspakinn um netöryggi sem þú ert með í höndunum er ætlaður fjölskyldum barna á aldrinum sex til tólf ára. Þetta er kennsluefni sem samið var í þeirri trú að nýjungar og framfarir í tækni ættu ekki að greina í sundur kynslóðir heldur sameina þær. Það er byggt á þekkingu og reynslu Insafe, neti þeirra aðila í Evrópu sem starfa að því að auka vitund fólks um netöryggi. Þróun og framleiðsla þessa námsspakka er studd af UPC (Universal Product Code).

Einfaldir hlutir eins og að fara yfir götu og að leika sér á leikvelli geta verið hættulegir ef maður gætir ekki öryggis og það sama á við um notkun Netsins, farsíma og annars nettengds tækjabúnaðar. Sem betur fer eru þó til verkfæri sem geta upplýst netnotendur um kosti þess að vafra um Netið sem og þær hættur sem þar geta leynst.

Notaðu þennan námsspakka til að styðja barnið þitt í að læra hvernig nota á Netið á öruggan



og áhrifaríkan hátt. Í honum má finna rúmlega fimmtíu öryggisráð og æfingar til að hjálpa þér við að kenna barninu þínu netöryggi á skemmtilegan, gefandi og öruggan hátt. Hann inniheldur:

- Tvo bæklinga um netöryggi: Fjölskyldugaman (Family fun booklet) og Foreldravísi (Parental guide)
- Heilræði (Golden rules)
- Fjölskylduvottorð (Family certificate)
- Límmiðasafn
- 12 aðstæðuspil til að klippa út (Situation cards)

Í fjölskyldu- og foreldrabæklingnum er notast við litvísa til að greina á milli fjögurra lykilþema sem eru: **öryggi**, **samskipti**, **skemmtun og niðurhal** og **rafrænt einelti**. Foreldravísirinn er ætlaður sem upplýsingagrunnur fyrir bæklinginn Fjölskyldugaman. Hann inniheldur mikilvæg atriði sem hafa þarf í huga þegar tekist er á við verkefni, hugmyndir að lausnum verkefna og notkun á aðstæðuspilum.

Fjölskyldugamanið er fyrir foreldra og börn að nota saman. Þar nálgumst við lykilþemun fjögur í gegnum sögu af tveimur ungmönnum Alex og Önnu, foreldrum þeirra og tölvu-snillingnum Helenu. Hver kafli samanstendur af mismunandi þáttum svo sem verkefnum á Netinu, könnunum, heilræðum og gagnlegum tenglum.

Lesið söguna upphátt með börnunum ykkar og vinnið svo með þeim að verkefnum sem lögð eru til. Í lok hvers kafa er hægt að taka upp viðeigandi aðstæðuspil til að vekja umræður og dýpka þannig skilning barnsins á viðfangsefninu.

Þegar barnið þitt hefur á viðunandi hátt unnið sig í gegnum verkefnasafnið er það verðlaunað. Gerður er samningur um þær gullnu reglur sem fara á eftir og öll fjölskyldan skrifar undir. Að lokum má nota límmiðana til að skreyta bæklingana.

Það er okkur mikilvægt að fá endurgjöf. Ekki hika við að hafa samband við okkur með athugasemdir og spurningar sem kunna að vakna. Við óskum þér og þinni fjölskyldu alls hins besta í að ná tökum á Netinu.

Vafráðu vel,

SAFT á Íslandi.





B. Leiðbeiningar fyrir foreldra og forráðamenn

1. Aðgát veitir öryggi



TÖLVA Á HEIMILINU

Tölva á heimilinu getur verið frábært náms- og afþreyingartæki fyrir alla fjölskylduna. Góð regla er að hafa tölvuna í rými sem ætlað er allri fjölskyldunni. Að setja einfaldar reglur um hvað má gera og hversu lengi má sitja fyrir framan tölvuskjáinn eykur öryggi yngstu fjölskyldumeðlimanna.

Munið samt að barnið ykkar getur komist á **Netið** víða annars staðar en á heimilinu. Því er mikilvægt að þið vinnið saman að því að semja einfaldar reglur sem auðvelt er að yfirfæra á nýjar aðstæður hvar og hvenær sem er.

TÖLVAN GERÐ ÖRUGG

Öryggi er hægt að ná með því að skilja hvaða hættur steðja að og hvaða aðgerðir er hægt að nota gegn þeim. Aðgerðirnar eru meðal annars fólgnar í gagnlegri tækni sem ver tölvuna

en felast einnig í dómgreind notandans. Líkt og með flest annað þá batnar dómgreind með þroska og þjálfun.

Að nota **minnislykil** og **gagnadiska (CD rom)**, opna **viðhengi** og hlaða niður **skjölum** er eitthvað sem þú og barnið þitt eruð líkleg til að gera með heimilistölvunni og það felur í sér ákveðna áhættu. Þessi áhætta er að mestu fólgin í slæmum **tölvuforritum (spilliforrit - malware)** sem eru hönnuð til að skaða tölvuna þína, stela persónuupplýsingum og veita öðrum aðgang að gögnum án þess að þú hafir gefið leyfi fyrir því.

Börnin eru kynnt fyrir nokkrum tegundum **spilliforríta svo sem vírusum, ornum, trújuhestum og njósnahugbúnaði** og þeim kennt að þekkja einkenni sýktrar tölvu. Þau læra að koma í veg fyrir sýkingu með því að fara aðeins á Netið í tölvu sem varin er með nýjustu uppfærslum á **vírus- og njósnavarnarforritum**. Þeim er einnig ráðlagt að fara varlega þegar þau opna viðhengi frá óþekktum sendanda, hlaða niður forritum af neti og nota minnislykla og gagnadiska.

BARIST GEGN RUSLPÓSTI

Ruslpóstur (amapóstur) er um 80% af þeim tölvupósti sem hringsólar um Netið og hann getur auðveldlega haft áhrif á börnin ykkar. Maður getur ýtt undir ruslpóst með því að skilja **netfangið** sitt í gáleysi eftir á vefnum þegar notuð eru **tölvuþing** (newsgroup), **spjallsíður** (chat site), **almenn tölvutorg** (public forum), **samskiptavefir** (social networking) eða þegar fyllt er út **skráningarform á netinu** (online form). Ákveðin tegund hugbúnaðar hefur það hlutverk að vafra um Netið og safna netföngum á póstlista sem eru svo notaðir til að dreifa ruslpósti. Þau fyrirtæki sem tengjast þessari iðju eru oft og tíðum staðsett þar sem engin lög eða reglur banna ruslpóstsendinga.

Ruslpóstur er oftast tengdur við klám, lyfjasölu og vafasama peningaflutninga. Þar að auki getur ruslpóstur innihaldið spilliforrit. Í flestum tilfellum er markmið ruslpóstsins svik af einhverju tagi. Hér á eftir fara nokkur ráð sem hjálpa til við að vernda fjölskylduna þína.

- Notaðu **ruslpóstiúr** (spam filters). Sá aðili sem lætur þér í té netfang býður í flestum tilfellum upp á leiðir til að verjast ruslpósti sem þú getur virkjað í gegnum póstforritið þitt. Hafðu samband við þjónustuaðilann þinn til að fá nákvæmari upplýsingar um þetta. Þú þarft svo reglulega að athuga hvort einhver póstur hafi ratað í ruslmöppuna þína sem ekki var ætlað þangað. Tæknin er aldrei fullkomin.
- Kenndu börnunum þínum að opna ekki póst frá ókunnugu fólki. Ruslpóstur inniheldur yfirleitt einhver tilboð og viðhengi en mikilvægt er að opna **aldrei** slík viðhengi. Sýndu þeim hvernig er hægt að útiloka póst frá sendanda eða biddu þau að henda grunsamlegum pósti beint í ruslið.

VAFRAÐ UM NETIÐ

Jafnvel mjög ung börn geta haft gagn og gaman af því að vafra um Netið. Sá böggull fylgir skammrifi að Netið býður einnig upp á alls kyns efni sem ekki er viðeigandi fyrir allan aldur. Leitarvélar eru góð leið til að finna efni á Netinu. Þar sem leitin byggir á vali á leitarorðum getur

verið auðvelt að finna efni sem maður vill ekki finna. Leitarorð sem virkar sakleysislegt gæti skilað leitarniðurstöðum sem ekki eru eins sakleysislegar. Hér á eftir fara nokkur ráð til þess að börnin þín vafri á öruggan hátt um Netið.

- Búðu til sér notendaaðgang að tölvunni fyrir barnið þitt í gegnum **stýrikerfið** (Windows, Mac OS eða Linux). Á þennan notendaaðgang getur þú virkjað **foreldrastjórnun** (parental controls).
- Skoðaðu þá möguleika sem gefnir eru í foreldrastjórnun í **vafraunum** þínum og leitarvélum sem notaðar eru. Gakktu úr skugga um að þú þekkir þá möguleika sem þú hefur á **fjölskyldustillingum** (family settings) í þessum verkfærum.
- Leggðu til að börn sem eru í þinni umsjá noti barnvænar leitarvélar. Dæmi um slíkar leitarvélar eru <http://kids.yahoo.com>, <http://www.askforkids.com>.
- Vistaðu slóðina að þeim síðum sem börnin heimsækja oftast sem **eftirlæti** (favourites) í vafraunum. Þannig geta þau farið inn á eftirlætis síðurnar sínar án þess að fara í gegnum leitarvélar.

Ásamt því að virkja foreldrastjórnun í vafraunum og leitarvélum hefur þú möguleika á því að nota viðbótarsíur sem eru forrit sem hafa það að markmiði að verja börn fyrir óæskilegu efni af Netinu. Þú getur spurst fyrir um þetta í búðum sem selja tölvubúnað eða leitað að prufu-útgáfum af slíkum **hugbúnaði** á Netinu. Mundu bara að það kemur ekkert í staðinn fyrir leiðsögn foreldra og þeirra sem hafa umsjá með börnum. Tæknin er aldrei fullkomin og getur veitt falska öryggiskennd nema henni sé fylgt eftir á skynsaman hátt.

Síuhugbúnaður setur stundum svo miklar skorður að hann getur útilokað saklaust efni. Hann gæti komið í veg fyrir að börn finni efni í söguritgerð um síðari heimsstyrjöldina vegna þess að leitarniðurstöðurnar innihalda síður sem lýsa ofbeldi. Hafa ber í huga að öllum síum sem hægt er að kveikja á er einnig hægt að slökka á og að klárir krakkar eru oft snillingar í að hylja slóð sína. Eina leiðin fyrir foreldra sem vilja vita hvað er í gangi er að læra sjálfir að nota tölvuna og hugbúnaðinn.

Þú skalt heimsækja vefsíðu SIP-Bench (sjá Gagnlega tengla). SIP-Bench er rannsókn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lét gera þar sem prófuð voru 30 mismunandi tól til varnar ruslpósti (amapósti) og athugað var hversu árangursrík þau væru í því að vernda börn á aldrinum 6 til 16 ára gegn óæskilegu efni sem fylgir mismunandi aðgerðum á Netinu svo sem **vafri**, póstsamskiptum, **gagnaflutningum**, spjalli og **snarskilaboðum** (instant messaging).

Í viðbót við að forðast **skadlegt efni** skaltu ganga úr skugga um að börnin trúu ekki öllu sem þau sjá og lesa á Netinu. Í bæklingnum *Fjölskyldugaman* leggjum við til að þau heimsæki að minnsta kosti þrjár vefsíður til að bera saman efni þegar þau leita að upplýsingum á Netinu. Þeim er einnig ráðlagt að halda kerfisbundið utan um af hvaða síðu upplýsingarnar koma þegar þau nota upplýsingar af Netinu í skólaverkefnum.

HEILRÆÐI FYRIR FORELDRA VAFRANDI BARNA

- Vertu viss um að tölvan þín sé vernduð af eldvegg (firewall) og að vírusvarnir og varnir gegn njósnahugbúnaði séu uppfærðar. Þú skalt fylgjast með þeim viðvörnum sem þessi hugbúnaður tekur saman. Athugaðu hvort netþjónustuaðilinn þinn bjóði upp á einhverjar lausnir varðandi þetta.

- Notaðu ruslpóstsíuna sem boðið er upp á í póstforritinu þínu og haltu netfanginu þínu út af fyrir þig með því að forðast að setja það á vefinn fyrir allra augu. Forðastu vefpóst frá óþekktum sendendum og skannaðu öll viðhengi áður en þú opnar þau.
- Virkjaðu þá foreldrastjórnunarmöguleika sem þú hefur í stýrikerfinu, vafranum, leitarvélum og tölvupósti. Búðu til sérstakan aðgang að tölvunni fyrir börnin þín og passaðu upp á að friðhelgi (privacy settings) sé stillt á hæsta stig í vafranum sem þau nota.
- Veltu fyrir þér hvort þú viljir bæta við auka síuhugbúnaði.
- Vertu í sambandi við sérfræðing um leið og tölvan þín fer að láta undarlega því hún gæti verið sýkt. Þjónustuaðili nettengingar þinnar ætti einnig að geta veitt ráðleggingar.
- Tilkynntu til yfirvalda ef þú rekst á efni sem þú telur ólöglegt á Netinu. Hægt er að senda inn ábendingu með því að fara á heimasíðu Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, www.barnaheill.is, en einnig er hægt að senda ábendingu beint til Ríkislögreglustjóra.
- Sestu niður hjá barninu þínu þegar það vafrar um Netid hvenær sem þú átt þess kost. Það er fín leið til að vekja umræður og skapa traust. Líttu á það sem áskorun að læra saman.
- Mundu að öryggisreglurnar eiga jafnt við um þig og börnin þín. Þú skalt hvetja þau til að láta þig vita af öllu því sem þeim þykir óeðlilegt eða skrýtið.

GAGNLEGIR TENGLAR

Börnin þín geta farið í gegnum Webwise námskeið um netöryggi og fylgt eftir ævintýrum Niamh og Fionn. <http://www.webwise.ie/index.aspx>

Fleiri gagnlegar upplýsingar og leiki um netöryggi fyrir börn, kennara og forráðamenn er að finna á: <http://www.esafetykit.net>

Þekking er lykillinn að því að geta notið þess að vafra öruggt. Mikilvægt er að þekkja áhættur og hvernig maður verndar sjálfan sig. Upplýsingar um netöryggi er að finna á eftirfarandi slóðum:

<http://www.netoryggi.is> og
<http://www.netsvar.is>

Ef þú rekst á efni sem þú telur vera ólöglegt á Netinu skaltu tilkynna það til viðeigandi yfirvalda. Hægt er að tilkynna til Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.barnaheill.is>

Eða til Ríkislögreglustjóra á eftirfarandi vefslóð: <http://www.rls.is>

Einnig má tilkynna til SAFT á: <http://www.saft.is>

2. Samskipti



HLUTAR AF HEILDARMYNDINNI

Manstu hve mikilvægt það var fyrir þig að vera í sambandi við vini þína þegar þú varst að vaxa úr grasi? Netið býður upp á fjölda nýrra staða til að hitta fólk og einnig tjáskipta- og samskiptaleiðir gegnum tölvupóst, skjalasendingar, blogg og samskiptavefi (Facebook, MySpace, Hi5, Habbohotel, Formspring). Unglingar nota tæknina til að prófa nýja hluti og blanda geði á svæði sem þau telja sitt einkasvæði og utan foreldravaktar.

Samskiptakaflinn kynnir foreldra og börn fyrir hugtökunum **persónuupplýsingar** (personal data) og **fríðhelgi** (privacy) og hvernig stunda má jákvæð samskipti á Netinu og hafa stjórn á þeim hættum sem þar leynast, til dæmis í samskiptum við ókunnuga. Hugtökin **notendaaðgangur** (account) og **upplýsingaskrá** (profile) eru mjög nátengd fríðhelgi. Notendaaðgangur er það sem gerir manni kleift að nálgast ýmsa þjónustu á Netinu.

Í hinum hefðbundna ótengda (offline) heimi eru það ökuskírteini, strætókort og vegabréf sem geyma persónuupplýsingar um þig. Notendaaðgangur að þjónustu á Netinu virkar mjög svipað. Þú getur ekki opnað notendaaðgang án þess að gefa frá þér einhverjar persónulegar upplýsingar sem notaðar eru til að byggja upp **notendaskrá** (user profile) þína. Það er mikilvægt að þú getir valið, bæði hvaða upplýsingar þú vilt að séu aðgengilegar um þig og hvaða upplýsingum þú vilt deila með öðrum.

Að vernda eigin fríðhelgi snýst um að hafa stjórn á þeim upplýsingum sem maður vill að fólk hafi aðgang að en ekki að gefa rangar upplýsingar um sjálfan sig. Ungt fólk er yfirleitt mjög spennt fyrir því að hafa samskipti við vini og búa sér til ímynd á Netinu. Það áttar sig þó ekki alltaf á því hvaða áhrif það getur haft þegar ákvörðun er tekin um að gera persónuupplýsingar opinberar.

AÐ BÚA TIL UPPLÝSINGASKRÁ

Fyrsta skrefið í því að vernda persónuupplýsingar er að hugsa vel um hvaða upplýsingar eru skráðar og hvaða fríðhelgisstillingar er hægt að nota.

Búðu til mismunandi netföng fyrir mismunandi hluti. Þegar notaðar eru netþjónustur eins og spjallrásir, **snarskilaboð**, blogg o.s.frv. þá er mikilvægt að hvetja börnin til að nota hlutlaus netföng og **skjáheiti** (screen name). Með þessum hætti kemur maður í veg fyrir að barnið gefi frá sér fullt nafn.

Það er mjög mikilvægt að brýna fyrir börnum að lykilorð þeirra séu leyndarmál og það eigi alls ekki að deila notendaaðgangi með öðrum, ekki einu sinni vinum. Hins vegar er æskilegt að foreldrar viti lykilorð barna sinna svo þeir geti fylgst með. Þetta er gott að ræða við barnið.

Mundu að stilla **fríðhelgi** upplýsingaskráa/notendaaðganga þannig að það sem þar er sé lokað eða þitt **einkamál** (private) ekki opinbert (public). Þannig getur þú stjórnað því hverjir hafa aðgang að upplýsingunum og hverjum þú tengist. **Lokuð upplýsingaskrá** (private profile) þýðir að þú getur stjórnað því með **tengslista** (contact list) hverjir hafa aðgang. Kenndu börnunum þínum að samþykkja aðeins vinabeidnir frá fólki sem það raunverulega þekkir.

Ef börnin þín nota spjallrásir skaltu athuga hvort:

- **gæslumenn** (moderators) séu sífengdir. Ef það er enginn gæslumaður þá þýðir það óöruggt spjall.
- verkfæri séu til staðar til að útiloka spjallara sem maður vill ekki tengjast.
- hjálpar- og tilkynningamöguleikar séu til staðar á vefsíðunni ef upp koma vandamál.
- þjónustan sé með skýrar og aðgengilegar reglur.

MYNDIR OG VEFMYNDAVÉLAR

Mjög mikilvægt er að börn átti sig á því að ljósmynd af þeim er einn af grunnþáttunum í fríðhelgi þeirra og að stafrænar ljósmyndir eru sérlega áhrifaríkar. Auðvelt er að dreifa og **handfjatla** stafrænar ljósmyndir og það getur verið mjög erfitt að uppræta þær og eyða þeim eftir að þær hafa verið sendar úr tölvu eða síma. Þær gætu einfaldlega verið til á Netinu um ókomna tíð. **Vefmyndavélar** ber að nota varlega og börn ættu ekki að nota þær nema undir eftirliti. Spjalltæki sem nýta vefmyndavélar geta falið í sér áhættu. Þú og börnin þín ættuð aðeins að deila mynd af ykkur sjálfum með fólki sem þið þekkið og treystið. Einnig er mikilvægt að fá samþykki hjá viðkomandi aðila fyrir því að gera ljósmynd af honum opinbera á Netinu. Ekki leyfa barninu þínu að nota tölvu og vefmyndavél í einrúmi.

SAMBAND VIÐ ÓKUNNUGA

Fólk sem þú hittir á Netinu er ekki alltaf það sem það segist vera. Kenndu börnunum þínum að passa vel upp á fríðhelgi sína á Netinu, alveg eins og þau myndu gera í daglegu lífi. Þú setur reglurnar um það hvernig þau haga sér gagnvart ókunnugum dags daglega. Ætti það ekki að vera þannig á Netinu líka?

Börn geta tengst netvinum mjög sterkum böndum og hafa tilhneigingu til að treysta fólki sem sýnir þeim áhuga og skilning jafnvel þó þau þekki viðkomandi ekki. Því getur það verið mjög freistandi fyrir þau að hitta þessa aðila án þess að láta foreldra sína vita. Börnin gera sér oft enga grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir svona fundum og þykja þeir sjálfsagðir. Þetta gerir þau að auðveldu skotmarki fyrir **tælingu** (grooming). Rannsóknir sýna að mjög mörg börn fara ein síns liðs til að hitta vini sem þau hafa aðeins kynnst og haft samskipti við á Netinu og án þess að láta foreldra sína vita. Talaðu við börnin þín og gakktu úr skugga um að þetta gerist ekki hjá þeim. Samskipti eru lykillinn.

NETPRÝÐI

Með netprýði er átt við góða mannsiði á Netinu og að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Börn gera sér ekki alltaf grein fyrir því að þau geti sært aðra með því sem þau gera á Netinu, án þess að það sé endilega ætlunin. Því miður er til fólk sem notar Netid og farsíma markvisst til að áreita og koma öðrum í uppnám. Þetta er kallað rafrænt einelti og getur hent allt að fjórðung barna (sjá nánar í viðeigandi kafla).

SPJALLTUNGUMÁL

Við spjall á Netinu hefur þróast meðal ungs fólks sérstakt málsnið skreytt **lyndistáknum** (broskórlum) og **skammstöfunum**. Skoðuðu töfluna sem hér fer á eftir til að átta þig betur á þessu 🤔

121: maður á mann

AFK: burtu frá lyklaborði

A/S/L: aldur, kyn, staðsetning

BBB: bæ bæ beibí

B4N: bless í bili

BBL: kem aftur síðar

BF: kærasti eða besti vinur

BFF: bestu vinir að eilífu

C: skilurðu?

Comp: tölva

CU: sé þig

CUL: sé þig seinna

CYO: sé þig á Netinu

EGBOK: allt verður í lagi/þetta reddast allt

JJ: bara að grínast

K: allt í lagi

KFY/K4Y: koss fyrir þig

KISS: höfum þetta einfalt, kjáni

KPC: foreldrar hafðir grunlausir

L8R: síðar

IRL: í alvörunni

LMIRL: hittumst einhvers staðar

LOL: hlæjandi upphátt/gomma af ást

LY4E: elska þig að eilífu

NE1: einhver

NP: ekkert mál/háværir foreldrar

OIC: ó, ég skil

OLL: ást á Netinu

F2F: augliti til auglitis

G2G/GTG: verð að fara

<G>: glott

GFN: farin í bili

GL: gangi þér vel

GM: góðan dag/passar vel

HAND: hafðu það gott í dag

^5: gefðu mér 5

H2G: verð að fara

HDOP: hjálpaðu til við að eyða netskrímslum

IDK: ég veit það ekki

ILU/ILY: ég elska þig/mér líkar við þig

PAL: foreldrar leggja við hlustir

PAW: foreldrar að fylgjast með

PIR: foreldrar í herberginu/fólk í herberginu

POS: foreldrar nálægt

RL: raunveruleikinn

S^, S'UP: hvað er að fréttá?

TTYL: tala við þig síðar

TY: þakka þér

WB: velkomin til baka/skrifa til baka

WTGP: viltu hittast í einrúmi?

WYCM: viltu hringja í mig?

Þú getur búið til lyndistákn með því að setja saman tvípunkt, sviga, skástrik og stafi á ákveðinn hátt. Hér á eftir fara nokkur dæmi:

Broskarl :;) eða :-)

Leiður karl :(eða :-(

Blikkandi karl ;) eða ;-)

Undrandi andlit : o eða :-o

Stórt bros :-D eða :D

Tungan úti : p eða :-p

HEILRÆÐI

- Gefðu þér tíma til að finna út hvernig börnin þín nota tíma sinn á Netinu og fáðu þau til að sýna þér hvernig þau hafa samskipti við vini sína.
- Kenndu þeim að passa upp á friðhelgi sína á Netinu með því að:
 - búa til öruggar upplýsingaskrár með virkum friðhelgisstillingum.
 - passa upp á lykilorðin sín.
 - biðja foreldra alltaf um leyfi áður en myndum er hlaðið upp af þeim sjálfum eða meðlimum fjölskyldunnar, húsinu, skólanum o.s.frv.
 - deila aðeins persónuupplýsingum eins og símanúmeri, heimilisfangi, skóla og íþróttafélagi með fólki sem þau þekkja í raunveruleikanum.
- Hafðu heimilistölvuna í fjölskyldurými svo þú getir fylgst betur með.
- Farið saman yfir það hvernig:
 - má neita vinabeiðni eða loka á aðila af tengslalista.
 - öryggis- og tilkynningaferlið er á vefsíðum sem þið heimsækið.
- Byggðu upp traust með því að fullvissa börnin þín um að þau geti talað við þig um mistök sín svo þið getið unnið saman að því að finna lausnir. Mistök eru til að læra af þeim.

GAGNLEGIR TENGLAR

Á vef SAFT er að finna nýtsamleg ráð fyrir unga netnotendur og forráðamenn þeirra um góð netsamskipti:

<http://www.saft.is>

Til að skilja betur skammstafanir sem notaðar eru í spjalli skaltu heimsækja:

<http://www.wikihow.com/Understand-Chat-Acronyms> og <http://www.netsvar.is>

Kíktu á skýrslur og aðrar upplýsingar um öruggara Net fyrir börn:

http://ec.europa.eu/information_society/activities/sip/index_en.htm

3. Rafrænt einelti



HVAÐ ER RAFRÆNT EINELTI?

Margir góðir kostir fylgja samskiptum á Netinu og í gegnum farsíma. Því miður hafa þessar samskiptaleiðir einnig sínar dökku hliðar. Börnin þín geta bæði sent og fengið skilaboð með innihaldi sem er særandi. Það er mikilvægt að þú kennir barninu þínu hvaða hegðun er víðeigandi í samskiptum. Jafnvel okkar eigin börn eru ekki alltaf englar ;-)

Rafrænt einelti er skilgreint líkt og annað einelti, eða sem endurtekinn atburður sem erfitt er að verjast og hefur neikvæð áhrif á þolanda. Þá eru ný upplýsinga- og samskiptatæki og þjónusta notuð til að stríða, áreita eða ógna einstaklingi eða hópi. Vefpóstur, spjall, snarskilaboð, farsímar og önnur stafræn tækni geta nýst í þessum tilgangi. Í sýndarheimi tölvuleikja gætu gerendur eineltis ráðist að **skjáveru (avatar)** barnsins þíns með því að stela sýndareigum hennar eða neyða **skjáveruna** til að haga sér á annan hátt en vilji stendur til.

Það er mjög algengt að börn kvarti yfir því að persónulegar upplýsingar um þau séu gerðar opinberar, til dæmis að ljósmynd eða aðrar persónulegar upplýsingar séu settar inn á umræðuvefi eða vefsvæði án leyfis. Þegar um er að ræða einelti í skólanum og á leikvöllinum er svona hegðun ekki samþykkt. Þess vegna þurfa foreldrar, starfsmenn skóla og börnin sjálf að vera vakandi og tilbúin að bregðast við þegar hlutirnir gerast. Ólíkt hefðbundnu einelti þá getur barn orðið fyrir rafrænu einelti þó gerandinn sé víðs fjarri. Gerandinn getur til dæmis sent ógnandi skilaboð með tölvupósti eða smáskilaboðum hvaðan sem er og á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Foreldrar geta hjálpað til við að búa til umhverfi þar sem einelti er ekki liðið. Kenndu barninu þínu að þó hægt sé að skýla sér bak við nafnleysi á Netinu þýði það ekki að maður geti leyft sér að haga sér án ábyrgðar. Þau þurfa að þekkja rétt sinn og ábyrgð og hvernig þau bera virðingu fyrir rétti annarra.

Þú skalt leggja þig fram við að halda opnum samskiptaleiðum milli þín og barnsins þíns svo þið getið talað um alla þá hluti sem valda áhyggjum. Tækniframfarir eins og Netið og farsímar geta verið góð tækifæri til umræðna og hugleiðinga.

HEILRÆÐI

- Komdu í veg fyrir neikvæða upplifun með því að ganga úr skugga um að börnin þín viti hvernig á að vernda friðhelgi sína og þau kunni að virða friðhelgi annarra.
- Kenndu barninu þínu að svara ekki neikvæðum skilaboðum.

- Hjálpaðu barninu þínu að skilja hvernig skilaboð og hegðun geti sært aðra og hvernig ber að forðast það.
- Gakktu úr skugga um að barnið þitt kunni að loka á aðila af tengslalista.
- Passaðu upp á að vista öll niðrandi og neikvæð skilaboð þar sem þú gætir þurft að nota þau síðar sem sönnunargögn.
- Kannaðu eineltisáætlun í skóla barnsins þíns. Ekki skorast undan vinnu með öðrum foreldrum og kennurum í skólanum gegn einelti og rafrænu einelti.
- Vertu í sambandi við umhverfi barna þinna. Reyndu að kynnast vinum þeirra, foreldrum vina þeirra, kennurum þeirra og bekkjarfélögum.
- Þú skalt hvetja börnin þín til að segja þér frá öllum þeim vandamálum sem koma upp í daglegu lífi þeirra og á Netinu. Sannfærðu þau um að jafnvel þó þau hafi verið kærulaus þá sért þú til staðar fyrir þau og þið getið leyst málin saman.
- Vertu viss um að börnin þín átti sig á að þau eiga aldrei sökina ef einhver áreitir þau.

GAGNLEGIR TENGLAR

Á þessum vefjum má finna upplýsingar um einelti í skólum og hvaða leiðir er hægt að fara til að stöðva það: <http://www.heimliogskoli.is/einelti/> og <http://www.saft.is/>

Á þessari síðu gegn einelti er að finna teiknimyndasögur um einelti og tillögu að því hvernig vinna má gegn því í kennslustofunni: <http://www.stopbullying.org>

Hér má finna góð ráð til að verjast einelti á netinu: <http://www.esafetykit.net>

Hjálparsími Rauða krossins á Íslandi 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn: http://redcross.is/page/rki_hjalparsiminn1717

Heyrumst.is er vefur með ráðgjafarþjónustu á vegum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, fyrir alla sem eru undir 18 ára aldri: <http://www.heyrumst.is>

4. Skemmtun og niðurhal



EKKI ER ALLT GULL SEM GLÓIR Á NETINU

Netið er sýndarsvæði þar sem rými er fyrir marga og misjafna hluti, meðal annars viðskipti. Ef þú vilt ekki að börnin þín fái allt sem auglýst er í sjónvarpi og vekur athygli þeirra í búðum þá ættir þú einnig að kenna þeim að falla ekki fyrir öllu sem þau sjá auglýst á Netinu svo sem tónlist, leikjum, hringitónum og öðrum aukahlutum og verslunarþjónustu.

Með því að gefa þér tíma með börnunum þínum á Netinu gefst tækifæri til að skýra út fyrir þeim að vörur eins og hringitónar, **veggfóður (wallpapers)**, **mp3** skrár og **skjáverur (avatars)** eru sjaldnast ókeypis. Hvenær sem þið finnið slíkar auglýsingar skaltu fara með þeim yfir smáa letrið og sýna þeim að það borgar sig að gleypa ekki við gylliboðum á Netinu án athugunar.

Til að gerast áskrifandi að þjónustu á Netinu hvort sem hún er ókeypis eða ekki þarf að fylla út **skráningarform** með viðeigandi persónuupplýsingum. Þú skalt einungis fylla út þessi form í þeim tilfellum þar sem þú ert viss um hvernig farið verður með upplýsingarnar. Þú skalt einnig draga úr því að börnin þín fylli út svona form nema að þú sért með í för.

Sprettigluggar (pop-up windows) eru mikið notaðir til að selja hluti á Netinu. Þeir eru ekki alltaf neikvæðir. Það helgast fyrst og fremst af því hvort þeir koma frá vefsetrum sem þú treystir eða ekki. Almennt má álykta að ef þú treystir vefsíðunni þá getur þú treyst sprettiglugganum. Sumir sprettigluggar eru notaðir til að markaðssetja vörur eða þjónustu sem er óáreiðanleg eða inniheldur spurningalista sem safnar persónulegum gögnum. Kenndu barninu þínu að loka sprettigluggum sem þau treysta ekki.

AÐ SPILA LEIKI Á NETINU

Netleikir skera sig frá öðrum tölvuleikjum á þann hátt að þeir þarfnast **nettengingar** til að hægt sé að spila þá. Börn geta spilað leiki af geisla- og DVD diskum, á vefsíðum, í leikjatölvum, í farsímum og öðrum handheldum búnaði.

Netleikir eru allt frá því að vera einfaldir vel þekktir leikir eins og Packman og Tetris yfir í stærri sýndarveruleikaleiki þar sem fleiri en einn leikmaður vinna saman og búa til efni og sögur. Sýndarsamfélög (virtual communities) eru til fyrir marga leiki þar sem fleiri en

einn þátttakandi eru að spila í einu (**multiplayer games**). Sýndarsamfélög sem þessi eru einn þeirra þátta sem auka áhættuna á því að börn séu að hitta fólk sem þau þekkja ekki á Netinu (sjá kafla um samskipti).

Leikir eru mikilvægur þáttur í þroskaferli barns þar sem samskiptafærni og rökhugsun þróast í umhverfi sem rammað er inn af leikreglum. Margir tölvuleikir eru spennandi og gagnvirkir og eru notaðir til kennslu.

Það kerfi sem notað er í Evrópu til að meta fyrir hvaða aldur tölvuleikir eru viðeigandi kallast PEGI online. Þetta kerfi er stutt af nokkrum leikjatölvuframleiðendum, þar á meðal Playstation, Xbox og Nintendo og einnig leikjahönnunarfyrtækjum um alla Evrópu. Þið skuluð líta eftir þessum merkingum aftan á leikjahulstrunum. Vert er þó að hafa í huga að ekki eru öll börn á sama aldri eins.



SAMNÝTING SKRÁA OG HÖFUNDARRÉTTUR

Ungt fólk hefur tilhneigingu til að sjá Netid sem fjársjóðskistu af kvikmyndum, tónlist og leikjum til niðurhals til að horfa á, hlusta og spila. Það notar gjarnan **jafningjanet** (peer network) til að hlaða efni niður og deila því án þess að gera sér grein fyrir því að á efninu getur hvílt höfundarréttur. Þetta á við um bækur, kvikmyndir, lög, hugbúnað og myndir.

Er það ólöglegt?

Að skiptast á skrár er ekki ólöglegt ef þær innihalda efni sem þú hefur sjálf eða sjálfur búið til. Að hlaða upp og hlaða niður tónlist og kvikmyndum án þess að hafa leyfi frá þeim sem eiga réttinn að verkinu er almennt ólöglegt um allan heim (þó hvert land hafi sín eigin höfundarréttarlög). Þumalputtareglan er sú að ólöglegt er að deila tónlist og kvikmyndum og fara þarf varlega í notkun forrita sem gerð eru til að fólk geti skipst á tölvuskrár (peer-to-peer applications).

Felur það í sér áhættu?

Að **samnýta skrár** setur tölvuna þína í hættu með því að opna tengi sem spilliforrit eiga greiðan aðgang að. Spilliforrit geta valdið því að tölvan hættir að virka eins og hún á að gera. Einnig er mögulegt að annað fólk komist í persónulegar upplýsingar sem tölvan þín geymir og noti tölvuna þína til að senda út ruslpóst og **ólöglegt efni**.

Hvar get ég fundið löglega tónlist á netinu?

Fjöldi vefsíðna um allan heim býður upp á tónlist til sölu á löglegan hátt og sum er jafnvel ókeypis. Dæmi um þetta eru vefsíður þar sem tónlistarfólk vill að addáendur geti kynnt sér verk sín, fylgst með tónleikadagskrá og auglýst nýjar plötur.

HEILRÆÐI

- Vertu viss um að þú sért að nota löglegar síður til að hlaða niður tónlist af Netinu.
- Þú skalt hvetja börnin þín til að nota vefsíður sem bjóða upp á löglegt efni og skýra út fyrir þeim að ekki er allt sem sýnist á Netinu.
- Útskýrðu fyrir þeim þá áhættu sem felst í því að hlaða niður efni án varúðar.
- Gakktu úr skugga um að tölvan þín sé varin og að vírusvörnin sé með nýjustu uppfærslu.
- Kenndu börnunum þínum að hlaða einungis löglegum skráum niður á harða diskinn í tölvunni og að skanna hvort þær séu í lagi áður en þau opna þær.
- Lestu alltaf þær upplýsingar sem fylgja áður en þú setur eitthvað upp í tölvunni þinni. Reyndu að finna út hvort hugbúnaður sem þú vilt hlaða niður sé traustur.
- Lokaðu sprettigluggum sem þú treystir ekki með því að smella á rauða x-ið í horninu á sprettiglugganum. Þú skalt aldrei smella inn í gluggann.

BÖRN OG TÖLVULEIKIR

- Settu reglur um hversu lengi barnið þitt má leika sér í tölvunni.
- Hafðu tölvuna í fjölskyldurými þar sem þú getur haft auga með barninu.
- Fylgstu vel með leikjavenjum barnsins þíns. Ef þú passar það á leikvellingum því þá ekki að gera það líka í sýndarheiminum?
- Kynntu þér leikina sem barnið þitt spilar á Netinu.
- Ræddu við barnið um efni leikjanna, hvaða líkindi þeir hafa við raunveruleikann og hvað ekki. Hvað finnst barninu þínu skemmtilegt?
- Áður en þú kaupir leik handa barninu þínu eða leyfir því að spila hann skaltu vera viss um að hann sé samþykktur fyrir aldur barnsins.

Þegar barnið þitt spilar nettengda leiki með mörgum notendum (online games with multiple users).

- Veldu vefsíður þar sem strangar reglur gilda og vefsíður sem eru vaktaðar af gæslumönnum öllum stundum.

- Varaðu barnið þitt við að gefa upp persónuupplýsingar til annarra spilara.
- Varaðu barnið þitt við því að hitta spilara sem það hefur kynnst á Netinu nema þá að þú fáið að fylgja með á fyrsta fund.
- Þú skalt hvetja barnið þitt til að láta vita af einelti, hótunum og dónaskap, sýningum á óviðeigandi efni og tilboðum um að hittast utan við leik.
- Stoppaðu barnið þitt af í tölvuleik eða skiptu um kennimerki þess ef innihald eða framvinda leiksins veldur þér áhyggjum.

GAGNLEGIR TENGLAR

Hér getur þú kynnt þér betur PEGI kerfið sem segir til um hvaða aldri spilarar þurfa að hafa náð til að leikur sé við þeirra hæfi:

<http://www.pegi.info>

Hér er listi yfir síður um allan heim þar sem þú getur keypt tónlist á löglegan hátt:

<http://www.pro-music.org>

Webwise býður upp á góð verkfæri til að hjálpa ykkur að verða snjöll á Netinu. Kannaðu gagnvirku æfingarnar með börnunum þínum:

<http://www.webwise.ie/index.aspx>

Áttaðu þig á styttingum og skammstöfunum í spjalli og í textaskilaboðum með því að heimsækja: <http://www.transl8it.com> og <http://www.netsvar.is>

Vertu klárari á mállýsku Netsins með því að kíkja á: <http://www.netlingo.com>

Kynntu þér vel hvernig öruggast er að vafra um Netid með því að fara inn á barna- og unglingasvæði SAFT: <http://saft.is/bornogunglingar/>



C. Tillögur að lausnum verkefna

1. Vörn veitir öryggi



ÝMIS VERKEFNI

Tengdu saman mynd og orð: tölvuturn, músarmotta, skjár, hátalarar, vefmyndavél, prentari, USB minnislykill, mús, geisladiskur (CD rom).

Góð upphitunaræfing til að kynna börnin ykkar fyrir mismunandi hlutum tölvunnar og öðrum vélbúnaði. Þið getið byggt á henni eins og ykkur finnst þörf á.

Biddu foreldra þína um að senda þér tölvupóst með viðhengi eða sendu þér sjálf(ur) tölvupóstinn. Æfðu þig á eftirfarandi: Hægrismelltu á viðhengið og vistaðu það á skjáborði (desktop) tölvunnar. Farðu yfir á skjáborðið, hægrismelltu á skjalið og veldu að skanna (scan). Þegar þú veist að skjalið er öruggt þá geturðu opnað það. Mundu: Hægrismella - VISTA - SKANNA - OPNA.

Sendu tölvupóst á netfang barnsins þíns eða notaðu þitt eigið netfang og festu viðhengi við póstinn. Láttu barnið fara eftir fyrirmælunum úr æfingunni og vista skjalið með því að hægrismella á það án þess að opna það. Eftir að búið er að vista skjalið á skjáborð tölvunnar eða í möppu eins og Skjölín mín (My Documents) sýndu þá barninu hvernig á að hægrismella aftur á skjalið og skanna það áður en það er opnað. Með þessu venur þú barnið á góða og örugga siði.

Farðu að ráðum Helenu og lærðu hvernig þú getur lýst netfanginu þínu í hvert skipti sem þú þarft að gefa það upp á Netinu. Þetta er til þess að forða netfanginu þínu frá því að verða sjálfkrafa skráð hjá þeim sem senda út ruslpóst. Sem dæmi: cybercat.smith@mymail.com = cybercat punktur smith hjá mymail punktur com.

Til að æfa þig, lýstu netföngum allra í fjölskyldunni þinni: þitt netfang, netfang fjölskyldunnar, netfang móður þinnar, netfang föður þíns.

Til að forðast að hið opinbera netfang þitt verði sjálfkrafa skráð í hugbúnað þeirra er dreifa ruslpósti þá skaltu frekar lýsa netfanginu með orðum heldur en að skrifa það orðrétt. Láttu barnið þitt æfa sig á þeirri aðferð sem lýst er í verkefninu hér að ofan. Hafðu þó í huga að börnin ykkar ættu alltaf að forðast að gefa upp netföng sín á Netinu. En ef þau gera það þá ættu þau að nota netfang sem gefur ekki til kynna þeirra rétta nafn (nánar í kaflanum um samskipti).

Aðstoðaðu Önnu við að skilja þetta allt saman. Skoðaðu orðin hér fyrir neðan og gerðu hring utan um þær aðgerðir sem einungis er hægt að framkvæma ef maður er tengdur við Netid.

Mjög ung börn gera sér kannski ekki alveg grein fyrir því hvaða aðgerðir krefjast þess að maður sé nettengdur og hverjar ekki. Að skrifa texta krefst þess ekki að vera í nettengdri tölvu en að spjalla við aðra krefst þess. Hægt er að hlusta á tónlist í tölvunni með því að spila geisladiska eða tónlistarskrár sem eru geymdar í tölvunni en það er einnig hægt að hlusta á tónlist beint af Netinu. Börnin ykkar ættu að gera sér grein fyrir þeim aðgerðum þar sem nauðsynlegt er að vera nettengdur.

Gerðu þetta verkefni með foreldrum þínum. Skrifðu niður slóðina: <http://kids.yahoo.com> í vafrann þinn. Leitaðu nú að upplýsingum um grameðlur (Tyrannosaurus Rex) og reyndu að komast að því hvenær þessar risaædlur voru uppi á jörðinni. Reyndu líka að finna góða mynd af grameðlu. Gleymdu ekki að finna að minnsta kosti þrjár mismunandi vefsíður til að bera saman upplýsingarnar.

Kennið börnum ykkar góðar leitarvenjur með því að minna þau á að treysta ekki öllum heimildum sem þau finna á Netinu. Minnið þau á að leita að og bera saman upplýsingar að minnsta kosti þriggja mismunandi vefsíðna og alltaf að geta heimilda þegar þau vinna verkefni fyrir skólann.

Gerðu þetta verkefni með foreldrum þínum. Skrifðu niður slóðina: <http://kids.yahoo.com> í vafrann þinn. Leitaðu nú að einhverju efni, til dæmis grameðlur (Tyrannosaurus Rex) og vistaðu síðan þær þrjár síður sem þér þykja áhugaverðastar með því að velja eftirlæti (favourites) í tölaborðinu og bættu þeim við síðurnar þínar. Þú getur einnig búið til þína eigin möppu.

Með því að vista áhugaverðar síður á skipulagðan hátt í eftirlætismöppunni (valmöguleiki í tölaborðinu á vafranum) getur það minnkað þörf barna ykkar á því að vera stöðugt að leita að upplýsingum á Netinu.

ERTU MEÐ HLOTUNA Á HREINU?

Lausnir við verkefni á blaðsíðu 12 í verkefnaheftinu Fjölskyldugaman.

1. (varin) 2. (vírus), (einhverjum), (hlaða), (sýkta), (óvarinni) 3. (undarlega) 4. (þekkir), (viðhengi), (fyrirsögn) 5. (eitt), (ruslpósti) 6. (fyrstu), (þrjár), (hver) 7. (vírusvarnarforrit) 8. (foreldra), (tilkynnt).

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM Á AÐSTÆÐUSPILUM

Aðstæður 1. Vafraðu **ekki** um á Netinu ef tölvan þín er ekki varin með uppfærðu vírusvarnarforriti. Það er líkt og að hafa landamæri án þess að hafa landamæraverði. Tölvan þín gæti sætt árás frá skaðlegum forritum eins og vírusum, trújuhestum, ormum og njósnahugbúnaði (spyware).

Aðstæður 2. Hafðu augun opin fyrir pósti sem þú færð frá fólki sem þú þekkir ekki og inniheldur viðhengi eða tölvupósti sem lofar öllu fögru. Þess háttar póstur er líklegast ruslpóstur (amapóstur). Ruslpóstur getur sýkt tölvuna þína með skaðlegum forritum eins og vírusum, trújuhestum, ormum og njósnahugbúnaði. Opnaðu **aldrei** þessa tölvupósta! Í staðinn skaltu útiloka sendandann með því að hægrismella á tölvupóstinn og velja „Block sender“ (Útiloka sendanda) eða bara eyða póstinum beint.

Aðstæður 3. Þegar þú leitar þér að upplýsingum á Netinu þá skaltu ekki treysta fyrstu góðu vefsíðunni sem þú finnur. Leitaðu að að minnsta kosti að þremur mismunandi vefsíðum og berðu saman upplýsingarnar sem þær innihalda. Mundu að hver sem hefur aðgang að Netinu getur útbúið og birt upplýsingar á Netinu. Þegar þú skrifar ritgerð eða gerir verkefni þá skaltu alltaf geta heimilda bæði fyrir upplýsingar og myndir sem þú notar, þannig vinna sannir vísindamenn.

2. Samskipti



ÝMIS VERKEFNI

Merktu við hversu persónulegir eftirfarandi þættir eru fyrir þér: símanúmerið þitt, hárlitur þinn, nafnið þitt, landið sem þú býrð í, skólinn sem þú gengur í, heimilisfangið þitt, nafn gæludýrsins þíns, störf foreldra þinna, netfang þitt, myndir af þér, aldur þinn.

Bera börnin ykkar sama skynbragð á friðhelgi og þið? Litirnir þrír tákna eftirfarandi: mjög persónulegt (rautt), nokkuð persónulegt (appelsínugult) og ekki persónulegt (grænt).

Hjálpaðu Önnu að búa til gott lykilorð með því að nota ráðin frá Helenu.

Góð lykilorð innihalda handahófskennda stafi (tölustafi, bókstafi og greinarmerki) og eiga alltaf að vera leyndarmál.

Farðu eftir því hvernig upplýsingaskráin fyrir Önnu var gerð og útbúðu þína eigin öruggu upplýsingaskrá. Útbúðu síðan aðra upplýsingaskrá sem er ekki örugg.

Látu börnin ykkar útbúa örugga upplýsingaskrá og síðan aðra sem er ekki örugg og gefur upp persónulegar upplýsingar. Minnið börnin ykkar á að örugg upplýsingaskrá verndar ekki friðhelgi þeirra ef þau halda ekki áfram að gæta friðhelgi sinnar í samskiptum við aðra á Netinu.

Skoðaðu þessa mynd og skrifaðu niður hvað þú getur sagt um manneskjuna á myndinni.

Hvaða persónulegu upplýsingar er hægt að gefa sér út frá ljósmynd? Börn gera sér oft ekki grein fyrir eiginleikum ljósmynda.

Farðu eftir heilræðum Helenu og hugsaðu þér þrjú góð ráð sem „Alex litli í Rauðhettupeysunni“ gæti fengið frá Helenu til þess að vernda sig frá „vefúlfunum“.

Gætið þess að börnin ykkar geri sér grein fyrir því að samskipti við ókunnuga á Netinu geta haft í för með sér hættur.

Hvernig myndir þú vilja að fólk kæmi fram við þig á Netinu? (1... 2... 3...)

Gangið úr skugga um að börnin ykkar skilji að þau eigi að koma fram við aðra eins og þau vilja að komið sé fram við þau.

Leystu gátuna: Finndu út hvað nokkrar af vinsælustu skammstöfunum þýða með því að tengja þær saman við útskýringuna.

Dýpkaðu skilning þinn á skammstöfunum með því að kíkja í kaflann Samskipti/Netþryði/Spjalltungumál.

Notaðu tákna af lykilorðinu til að tákna þessi lyndistákna: Broskarl - Andlit sem er hissa - Sorgmætt andlit - Stórt bros - Andlit sem blikkar - Tungan rekin út.

Kíkið í kaflann Samskipti/Netprýði/Spjalltungumál til að fá frekari upplýsingar.

ERTU MEÐ HLOTUNA Á HREINU?

Lausnir við verkefni á blaðsíðu 24 í verkefnaheftinu Fjölskyldugaman.

1. (upplýsingaskráin)
2. (friðhelgi), (ábyrg(ur))
3. (fólk), (foreldrum)
4. (netprúður), (aðrir)
5. (lyndistákn)
6. (lykilorð), (greinarmerki)
7. (enginn)
8. (sendi)
9. (þekkir)

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM Á AÐSTÆÐUSPILUM

Aðstæður 4. Þegar þú notar Netið getur upplýsingaskráin þín eða þær upplýsingar sem þú gefur um sjálfa(n) þig náð til tuga, hundruða, þúsunda eða jafnvel milljóna manna um allan heim. Þess vegna er svo mikilvægt að vanda sig við hvaða upplýsingar maður gefur um sig á Netinu. Gefið aðeins upp persónulegar upplýsingar til fólks sem þið treystið og þekkið utan Netsins.

Aðstæður 5. Mikki deildi líklegast lykilorðinu sínu með vini sínum sem ákvað svo að notfæra sér það til að senda út óprúttinn tölvupóst í hans nafni. Haldið alltaf lykilorðum út af fyrir ykkur nema þið hafið ekkert á móti því að aðrir geti lesið tölvupóstinn ykkar eða þóst vera þið og skrifað hluti sem þið mynduð aldrei skrifa.

Aðstæður 6. Það er aldrei góð hugmynd að hitta ókunnuga. Ef þig langar virkilega að hitta netvin þinn sem þú telur að þú getir treyst fullkomlega þá skaltu láta foreldra þína vita og biðja annað hvort þeirra um að fylgja þér. Heiðarlegir sannir vinir sem hafa gott eitt í huga myndu ekki líta á það sem vandamál að foreldrarnir kæmu með. Einungis fólk sem hefur eitthvað að fela myndi ekki sætta sig við það.

3. Rafrænt einelti



ÝMIS VERKEFNI

Teiknaðu mynd af boðskorti sem Alex fær frá kennurum sínum. Á því er myndmerki (logo) og slagorðið sem skólinn notar í vikunni gegn einelti í skólanum.

Leyfið börnunum að vera skapandi og teikna inn í tóman rammann.

Farðu eftir dæmi Alex og hugsaðu þér fimm ástæður fyrir því að þú myndir gefa einhverjum „rauða spjaldið“.

Ræðið við börnin ykkar um hvers konar hegðun þeim þykir óásættanleg.

ERTU MEÐ HLUTINA Á HREINU?

Lausnir við verkefni á blaðsíðu 30 í verkefnaheftinu Fjölskyldugaman.

1. (reglunum), (skemma) 2. (tala) 3. (engin) 4. (rafrænt) 5. (loka) 6. (þekki) 7. (svara)

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM Á AÐSTÆÐUSPILUM

Aðstæður 7. Þetta er klárlega ekki ásættanleg leið við að nota farsímamann. Sendið ekki áfram skilaboð, myndir eða annað efni sem getur sært aðra. Komið alltaf fram við aðra eins og þið viljið að komið sé fram við ykkur. Í slíkum tilfellum þá skuluð þið alltaf tala við foreldra ykkar eða einhvern fullorðinn sem þið treystið.

Aðstæður 8. Alex ætti að segja vini sínum að það sé ekki honum að kenna hvernig gerandinn (sá sem stríðir) hagi sér. Hann ætti ekki að svara skilaboðunum frá gerandanum en þó geyma þau til að eiga síðar sem sannanir og sýna foreldrum sínum eða kennurum þau. Alex ætti líka að ræða þetta við foreldra sína sem geta veitt honum stuðning og aðstoðað hann við að hjálpa vini sínum.

Aðstæður 9. Netprýði felst í því að koma fram við aðra á vefnum eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Við erum viss um að þú hefur lært nógu mikið núna til að aðstoða Önnu við verkefnið hennar.

4. Skemmtun og niðurhal



ÝMIS VERKEFNI

Farðu nú inn á uppáhalds leitarsíðuna þína. Sláðu inn „ókeypis hringitónar“ (free ringtones) eða „ókeypis leikir“ (free games) og sjáðu hvað birtist. **Skoðaðu nokkrar mismunandi vefsíður. Geturðu fundið einhverjar gildirur?**

Prófaðu að leita með leitarorðunum hér að ofan og athugaðu hvort vefsíðurnar sem þú finnur séu með markaðsgildirur. Skoðaðu hvernig upplýsingunum í smáa letrinu er sleppt í slagorðum auglýsinganna.

Hver er uppáhalds tölvuleikurinn þinn? Athugaðu hvort foreldrar þínir þekki þennan leik og geti lýst honum. Ef þeir hafa ekki hugmynd þá skaltu fyrst útskýra leikinn og síðan leyfa þeim að skrifa stutta lýsingu á leiknum. Höfðu þau rétt fyrir sér? Hversu mörg stig frá einum upp í tíu myndir þú gefa þeim? .../10. Foreldrar skrifa stutta lýsingu á uppáhalds leik barnsins. Barnið teiknar mynd af leiknum.

Gerðu þið ykkur grein fyrir því hvers konar leiki börnin ykkar spila á Netinu og vitið þið hvaða leikir eru í uppáhaldi hjá þeim? Leyfið þeim að prófa ykkur!

ERTU MEÐ HLUTINA Á HREINU?

Lausnir við verkefni á blaðsíðu 35 í verkefnaheftinu Fjölskyldugaman.

1. (ókeypis) 2. (vefsíður) 3. (gildirur) 4. (ólögleg) 5. (horninu) 6. (hundsá) 7. (friðhelgi) 8. (deila) 9. (hlaða)

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM Á AÐSTÆÐUSPILUM

Aðstæður 10. Stærstur hluti þeirrar tónlistar og kvikmynda sem þú finnur á Netinu eru ólögleg eintök. Þar að auki þá eru þær vefsíður sem innihalda þessi ólöglegu eintök af tónlist og kvikmyndum yfirleitt fullar af skaðlegum forritum eins og vírusum, trújuhestum, ormum og njónnahugbúnaði. Einfaldasta lausnin fyrir Önnu væri að velja valmöguleika b eða c. Auðvitað er svo mun ódýrara fyrir hana að hlaða niður uppáhalds laginu sínu af virtri löglegri vefsíðu í stað þess að kaupa allan geisla-diskinn. Hún myndi svo þurfa að biðja foreldra sína um leyfi og fá þeirra álit.

Aðstæður 11. Það eru til ókeypis hlutir á Netinu en hringitónar, bakgrunnsmyndir, mp3 skrár og tákmyndir eru þó sjaldnast ókeypis. Ef Alex myndi skoða vefsíðuna aðeins betur þá tæki hann væntanlega eftir smáa letrinu sem segði honum frá raunverulegum kostnaði þjónustunnar. Hringitónar, þrautir, leikir og þess háttar eru í raun góð leið til að laða að fólk til að skrá sig á síðuna sem mun í rauninni kosta peninga að lokum.

Aðstæður 12. Alex ætti að muna eftir því að passa upp á friðhelgi sína í hvert skipti sem hann spilar leiki á Netinu við fólk sem hann þekkir ekki utan Netsins. Hann ætti aldrei að gefa upplýsingar um hvar hann býr, skólann sem hann gengur í, nafn og svo framvegis. Hann ætti einnig að láta foreldra sína vita um leikina sem hann er að spila og hann ætti aldrei að hlaða niður leikjum af Netinu án þess að spyrja foreldra sína fyrst um leyfi þar sem það gæti skaðað heimilistölvuna.



D. Orðasafn

Að blogga (blogging): Sú aðgerð að skrá dagbókarfærslu á dagbókarsíðu.

Að brjóta upp (crack): Að afrita hugbúnað á ólöglegan hátt með því að brjóta upp höfundarréttarlæsingar.

Að skanna (scan): Er sú aðgerð að yfirfæra prentað efni yfir á stafrænt form með því að nota skanna. Þessi aðgerð gerir þér kleift að skoða prentað efni sem stafrænt efni í tölvunni þinni og dreifa því í gegnum Netið. Einnig notað yfir þá aðgerð að athuga hvort skjal innihaldi spilliforrit.

Að vafra (browsing): Sú aðgerð að nota vafra til að skoða vefsíður og flakka um Netið.

Aðgangur (account): Aðgangur veitir þér aðgang að ýmsum þjónustum á Neti með notendanafni og lykilorði. Þú getur einnig búið til mismunandi notendaaðganga (user accounts) í stýrikerfinu á heimilistölvunni þinni fyrir hvern fjölskyldumeðlim.

Amapóst- og ruslmappa (junk/spam folder): Mappa í póstoffritinu þínu sem þær síur sem þú ert með setja þann póst í sem þær flokka sem ama- eða ruslpóst.

Amapóstur/ruslpóstur (spam): Óæskilegur tölvupóstur sem er yfirleitt notaður í auglýsingaskyni og sendur út í miklu magni. Þessar amasendingar til fólks eru meðal algengustu brotanna á Netinu.

Barnaklám (child pornography): Í sumum löndum er vísað til efnis af þessu tagi sem myndefni er sýnir misnotkun á börnum. Þetta er gert til að leggja frekari áherslu á að bak við efnið er misnotkun á raunverulegum börnum. Lagaleg skilgreining á barnaklámi er mismunandi eftir löndum. Skoðun, vistun, varsla og dreifing á öll slíku efni er bönnuð með lögum á Íslandi.

Blogg (blog): Myndað af enska orðinu weblog (vefskráning). Vefsíða sem birtir dagbókarfærslur einstaklings eða hópa og samanstendur af texta, myndum, hljóð- og myndskeldum og tenglum.

Eftirlæti (favourite): Mappa í vafranum þínum þar sem þú getur safnað saman slóðum eða bókamerkjum (bookmarks) á áhugaverðar síður. Bókamerkin er hægt að flokka í undirmöppur og merkja með videigandi orðum þannig að það sé auðvelt að leita í þeim.

Einelti (bullying): Endurtekið áreiti sem beinist gegn einstaklingi svo sem kynferðislegar athugasemdir, líkamlegar meiðingar, hótanir og niðrandi umtal frá einum eða fleiri gerendum.

Einkamál (private): Upplýsingar um einstakling eða hóp sem eiga ekki erindi við almenning. Þegar eitthvað er einkamál manneskju þá tengist það yfirleitt viðkvæmum upplýsingum eða einhverju sem er sérstaklega persónulegt.

Eldveggur (firewall): Vélbúnaður sem er hluti beinis (router) eða sem hugbúnaður sem er settur upp á tölvu og kemur í veg fyrir að ósamþykktir aðilar (tölvuþrjotar) geti komist inn í tölvuna eða netkerfi sem tengd eru Netinu.

Farsími (mobile/mobile phone): Handheld símtæki sem einnig er þekkt undir heitinu gemsi, GSM sími eða snjallsími. Hefur allt sem hefðbundinn heimilissími hefur ásamt mörgum öðrum eiginleikum svo sem myndavél og aðgengi að Netinu. Sendir frá sér og tekur við upplýsingum í gegnum loftnet en ekki snúru eða kapal.

Félagsleg samskiptanet (social networking): Samfélög fólks á Netinu sem deila sömu áhugamálum og eiga í samskiptum við hvert annað með því að nota videigandi hugbúnað og þjónustu (sjá félagslegar samskiptasíður).

Félagslegar samskiptasíður (social networking sites): Svæði sem hýsir samfélag notenda sem hafa til dæmis sömu áhugamál.

Fjölskyldustillingar (family settings): Einnig þekkt sem foreldrastjórnun (parental control). Stillingar sem notaðar eru til að gera nettól tölvunnar barnvænni, til dæmis með því að sía burt efni, tímastjórnun og fleira.

Foreldrastjórn (parental control): Sjá skilgreininguna á fjölskyldustillingum.

Fótspor/smygildi (cookies): Skrá sem vefsíða sem þú heimsækir vistar inn í vafrann þinn. Í hvert sinn sem þú síðan heimsækir þessa vefsíðu aftur sendir vafrinn fótsporið til baka á síðuna. Fótsporið gefa vefsíðunni skýrslu um hvernig þú hefur verið að nota vefsíðuna í fyrri heimsóknun og þar með gefst síðunni tækifæri á því að aðlaga framsetninguna að þér. Fótspor eru mikið notuð af verslunarsíðum. Það að loka á fótspor getur orðið til þess að sumar síður virka ekki.

Friðhelgi (privacy): Þeir möguleikar sem einstaklingar og hópar hafa til að stýra flæði upplýsinga um sjálfa sig og velja þannig hvernig þeir koma fram. Friðhelgi er oft tengd við nafnleynd og þá ósk að ekki sé tekið eftir manni.

Friðhelgisstillingar (privacy settings): Stillingar sem tengdar eru við notendaaðgang og hægt er að breyta að vild til að auka varnir gegn því að persónulegar upplýsingar séu opnar öðrum.

Friðhelgisstillingar/öryggisstillingar (safety settings, profile): Safn sérsniðinna öryggisstillinga sem tengt er við upplýsingaskrá (sjá orðskýringar) á Netinu. Venjulega

tengjast þessar stillingar opnun mynda og skjala og hverjir hafa aðgang að þeim.

Gagnadiskur (CD-Rom): Geisladiskur sem ekki er hægt að skrifa á en inniheldur gögn sem aðeins tölvur geta lesið. Gagnadiskar eru yfirleitt notaðir til að dreifa hugbúnaði.

Gerast áskrifandi (subscribe): Að skrá sig sjálfviljugur í þjónustu eða á fréttaveitu þar sem upplýsingar eru sendar reglulega í pósthólfíð þitt.

Gælunafn (nickname): Skjánafn er samheiti gælunafns. Það er það nafn sem notandi þjónustu á Netinu velur sér og kemur fram undir á tengslalistum, á tölvutorgum og spjallrásum. Ef gælunafn er vel valið þá hjálpar það til við að halda nafnleynd á Netinu.

Handfjötul (manipulation): Að breyta mynd, skjali eða ljósmynd annað hvort þannig að það er greinilegt eða þannig að breytingarnar eru ekki sjáanlegar. Ógrynni tækja og tóla eru til staðar til að breyta upplýsingum þannig að þær spegli ekki lengur raunveruleikann.

Hjálparlína (helpline): Síma- og tölvupóstþjónusta sem stendur börnum til boða þar sem börnin geta komið á framfæri og rætt óþægilegar upplifanir sem þau hafa orðið fyrir í tengslum við notkun þeirra á nettingdum búnaði.

Hringitónn (ringtone): Er hljóð fyrir hringingu í farsímunum. Til er yfirgripsmikið safn af sérsniðnum hljóðum og tónlist sem eigendur farsíma geta hlaðið niður. Þessi þjónusta kostar yfirleitt eitthvað.

Hugbúnaður (software): Sjá orðskýringuna forrit.

Hugbúnaður til reynslu (trial software): Hugbúnaður sem hægt er að prófa áður en hann er keyptur. Útgáfur sem eru til reynslu hafa yfirleitt alla þá möguleika sem forritið sjálft hefur en einungis er hægt að nota það í takmarkaðan tíma.

Höfundarréttur (copyright): Höfundarréttur veitir höfundi efnis einkarétt á því að nota og setja fram verk sín. Höfundarréttur er táknaður með táknum ©.

Höfundur (author): Sá sem býr til texta, hljóð- eða myndefni, tölvuleiki eða hugbúnað. Höfundarréttur verndar verk höfundarins gegn ólöglegri dreifingu efnisins og fjölföldun.

Illskeytahríð (flaming): Óvinveitt og móðgandi orðaskipti milli netnotenda. Hún á sér yfirleitt stað á tölvutorgum, spjallrásum eða jafnvel með tölvupósti.

Jafningjanet (P2P network): Eða peer-to-peer (P2P) net gerir þeim sem eru tengdir því kleift að skiptast á skjölum með því að hlaða upp (upload) og hlaða niður (niðurhal/download) (sjá orðskýringar). Þetta er einungis ein af mörgum leiðum sem hægt er að nýta sér þegar skjölum er deilt á Netinu. Sumar leiðir til að deila skjölum eru ólöglegar.

Leitarvél (search engine): Er notuð til að leita að upplýsingum á vefsíðum. Þekktustu leitarvélar eru Google og MSN leit. Leitarvélar hafa sérþróaðar stillingar sem geta innihaldið áhugaverðar öryggisstillingar.

Tæling (grooming): Notað yfir það atferli barnaníðinga að fara inn á spjallsvæði barna og látast vera jafningjar þeirra. Fullorðinn einstaklingur setur sig þá í samband við barn á Netinu og reynir að byggja upp trúnað, traust og vináttu við barnið, til dæmis með því að hrósa því og sýna umhyggju. Einnig getur níðingurinn reynt að skapa vantraust hjá barninu gagnvart fjölskyldu þess. Níðingarnir eiga frumkvæði að spjalli við hugsanleg fórnarlömb í þeim tilgangi að ná sér í upplýsingar um staðsetningu, áhugamál, tómstundir

og kynferðislega reynslu. Þeir nota mismunandi aðferðir til að tæla börn til að tala um kynferðislega hluti.

Lykilorð (password): Leynileg röð stafa og tákna sem gera eigandanum kleift að nálgast skjöl og þjónustu og er notað sem öryggisráðstöfun gegn ósamþykktum aðilum.

Lyndistákn (emoticon): Mynd eða tákn sem notað er til að tjá tilfinningar og líðan (broskarl). Það má nota hefðbundin tákn af lykilorðinu til að tákna lyndistákn svo sem tvípunkta og sviga eða nota tilbúin tákn sem boðið er upp á í spjallforritum og á spjallrásum.

Mappa (directory): Skipulagseining í tölvunni. Möppum er hægt að gefa lýsandi nafn og hver mappa getur innihaldið aðrar möppur og skjöl.

Mappa (folder): Möppur eru einingar í skráaskipulagi tölvunnar. Þær geta geymt mörg mismunandi skjöl og undirmöppur. Þær eru notaðar til að skipuleggja upplýsingar.

Minnislykill (memory/USB stick): Gagnageymsla sem tengist við USB tengi á tölvunni. Minnislyklar eru fyrirferðalítillir og léttir og það er hægt að fjarlægja upplýsingar af þeim og setja nýjar í staðinn.

Mp3: Er snið sem er notað fyrir hljóðskrár. Mp3 sniðið er ekki nema einn tíundi af stærð hljóðskráa á geisladiskum en gæðin eru nánast þau sömu. Vegna smæðar sinnar og hljómgæða þá hefur Mp3 sniðið orðið mjög vinsælt form til að geyma tónlist í tölvum og handheldum búnaði.

Net: Stytting á Internet.

Netfang (E-mail address): Slóðin að pósthólfinu þínu á Netinu. Netföng eru mynduð úr tveimur hlutum sem eru aðgreindir með táknuinu @.

Netið (Internet): Er tengslanet margra samtengdra tölvukerfa og tölva og nýtt til að flytja og skiptast á upplýsingum á margvíslegu formi. Netið er aðgengilegt almenningi um allan heim.

Netprýði (netiquette): Siðprýði á netinu. Góðir siðir í samskiptum á netinu.

Nettenging (Internet connection): Er sú aðferð sem notuð er til að tengjast Internetinu. Algengar leiðir til að tengjast Netinu eru í gegnum beina (Wi-Fi), gervitungl og farsíma (3G eða Wi-Fi).

Niðurhal/að hlaða niður (download): Það ferli að afrita skjal af Netinu yfir í tölvu.

Njósnaugbúnaðarvörn (anti-spyware): Forrit sem berst gegn njósnaugbúnaði. Forritið skannar allt efni sem kemur inn í tölvuna og leitar að njósnaubúnaði og lokar á hætturnar eða safnar saman á lista sem síðan er hægt að nýta til að loka á hætturnar.

Njósnaugbúnaður (spyware): Spilliforrit sem er leynilega fest við skjöl sem er hlaðið niður af Netinu. Hugbúnaðurinn keyrir sig sjálfur upp í tölvunni og fylgist með öllum aðgerðum. Spilliforritið sendir upplýsingar til þriðja aðila sem hefur áhuga á að komast að persónulegum upplýsingum til að geta sent auglýsingar eða aðrar upplýsingar áfram. Stundum fara upplýsingarnar til tölvubrjóta (crackers) sem hafa áhuga á að komast í viðkvæmar upplýsingar.

Notendaaðgangur (user profile): Gefur upplýsingar um notendur að ákveðnum hugbúnaði,

vefsíðu eða öðrum tólum. Hann inniheldur vanalegast upplýsingar eins og notendanafn, lykilorð og aðrar upplýsingar (til dæmis fæðingardag, áhugamál og svo framvegis).

Ofurfjöldaspilaraleikir (massively multiplayer games): Leikir sem bjóða upp á þrívíddarheim þar sem þúsundir spilara geta tekið að sér að stjórna skáldaðri persónu og keppt við hvern annan. Hlutverkaleikir eru yfirgnæfandi í þessum flokki þar sem leikmenn búa til sögu leiksins í sameiningu.

Ókeypis hugbúnaður og deilihugbúnaður (freeware and shareware): Almennt séð er hugbúnaður verndaður af höfundarréttarlögum og þar af leiðandi ekki löglegt að hlaða honum niður. Þegar um er að ræða ókeypis hugbúnað (freeware) þá hefur höfundur hugbúnaðarins gefið leyfi á það að hann sé notaður án endurgjalds. Deilihugbúnað (shareware) má yfirleitt nota í ákveðinn reynslutíma en þegar sá reynslutími er búinn verður að borga fyrir að nota hann lengur.

Ólöglegt efni (illegal content): Efni á Netinu sem er ólöglegt samkvæmt lögum. Algengasta efnið af þessu tagi eru myndir af kynferðislegri misnotkun á börnum, ólöglegt athæfi á spjallrásum svo sem tæling og vefsíður sem boða hatur og fordóma gagnvart fólki af öðru þjóðerni, uppruna eða kynþætti.

Ormur (worm): Er sérstök tegund af vírusum sem fjölga sér sjálfir og geta dreift sér án afskipta notandans í margar tölvur og skaðað netkerfi. Ormurinn tekur mikið pláss og getur slökkt á tölvum.

Persónuupplýsingar (personal data): Allar þær upplýsingar sem geta verið tengdar persónu. Ef það þykir nauðsynlegt að taka saman persónuupplýsingar þarf ástæðan að vera útskýrð í þaua.

Rafrænt einelti (cyberbullying): Að leggja í einelti og nota til þess rafrænan búnað, oftast með skilaboðasendingum og tölvupósti. Skilaboðin geta innihaldið hótanir, kynferðislegt áreiti og niðrandi athugasemdir. Gerendur gætu átt það til að birta persónulegar upplýsingar um fórnarlambið og jafnvel að birta efni í nafni fórnarlambins í þeim tilgangi að lítilsvirða það.

Ruslakarfa (recycle bin): Er mappa sem geymir skrár sem hefur verið safnað saman tímabundið áður en notandinn ákveður að eyða þeim endanlega. Þú þarft reglulega að eyða gömlum ónothæfum gögnum úr ruslakoörfunni til að auka plássíð á harða disknum hjá þér sem er geymslusvæði tölvunnar.

Ruslpóstsiur/amapóstsiur (spam filter): Aðgerð sem lokar á amapóst þannig að hann geymist ekki í pósthólfinu þínu.

Ruslpóstur/amapóstur (junk mail): Óvelkominn póstur sem sendur er út til fólks á netföngin þeirra.

Samnýting skráa (file sharing): Notað þegar netnotendur skiptast á skrár í gegnum Netið. Hugtakið nær yfir það að opna aðgang að ákveðnum skrár fyrir aðra og einnig það að sækja sér skrá sem annar aðili hefur opnað aðgang að. Algengast er að nýta svokallað jafningjanet (p2p eða peer-to-peer network) til aðgerða af þessu tagi.

Samskiptaaðferð þegar samtal flyst gegnum Netið (Voice over Internet Protocol/VoIP): Tækni sem gerir notendum kleift að tala við aðra notendur í gegnum Netið eftir að hafa hlaðið niður viðeigandi hugbúnaði. Símtölin geta verið ókeypis ef notendur nota báðir

sömu VoIP þjónustuna (til dæmis Skype, Voicebuster). Þess konar hugbúnaður býður yfirleitt einnig upp á leiðir til að senda skjöl á milli aðila og leiðir til að spjalla.

SIP-Bench: Rannsókn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lét gera þar sem prófuð voru 30 mismunandi töl til varnar amapósti (ruslpósti) og hversu árangursrík þau væru í því að vernda börn gegn óæskilegu efni á Netinu.

Sía (filter): Forrit sem stýrir aðgangi að upplýsingum og ákveðnum netþjónustum, geymir slóð notenda um Netið, lokar á hættulegar síður og getur jafnvel slökkt alveg á tölvunni. Síukerfi geta verið sett upp á stökum tölvum, netþjónum, sínum með netaðgangi o.fl.

Skaðlegt efni (harmful content): Myndir, texti, skjöl og fleira sem inniheldur efni sem getur valdið skaða og hæfir ekki börnum.

Skammstöfun (acronym): Er stytting á orðasambandi og samanstendur af fyrstu stöfunum í þeim orðum sem mynda það. Skammstafanir eru mikið notaðar í netspjalli þar sem þær flýta fyrir orðaskiptum.

Skjáheiti (screen name): Sjá orðskýringuna á gælunafni.

Skjávera (avatar): Notendaskrá einstaklings sem samanstendur af notendanafni auk myndar, táknmyndar eða þrívíddarpersónu í leikjum og sýndarheimum á Netinu.

Skráaflutningur (file transfer): Sú aðgerð að flytja skrá yfir tölvunet. Hugtökin niðurhal (download) og að hlaða upp (upload) eru gjarnan notuð um skráarflutninga.

Skráning (sign-up): Sú aðgerð að skrá sig á þjónustu á Netinu svo sem í áskrift að tímariti, inn á spjallborð og í tölvupóstþjónustu. Vanalega geta notendur skráð sig úr þess háttar þjónustu.

Skráningarform (online form): Forsniðið skjal sem inniheldur tóm svæði þar sem hægt er að skrá upplýsingar. Rafræn form geta verið fyllt út með frjálsum texta eða með því að velja með flettigluggum forskráðar upplýsingar. Þegar form hefur verið fyllt út er það sent af stað og við það eru upplýsingarnar skráðar inn í gagnagrunn.

Snarskilaboð (instant messaging): Ákveðin tegund af rafrænum samskiptum sem fara fram í rauntíma milli tveggja eða fleiri notenda. Snarskilaboð gefa þér tækifæri á að spjalla við valinn hóp þeirra sem eru á tengslalistanum þínum. Þegar fólk af tengslalistanum þínum er tengt þá sérð þú það.

Spilliforrit (malware): Forrit sem hannað er til að komast inn í og skemma tölvu án þess að fyrir því liggi samþykki eigandans. Í þessum flokki forrita eru vírusar, ormar, trújuhestar, njósnahugbúnaður og óheidarleg auglýsingaforrit.

Spjall (chat): Samtal sem fram fer í rauntíma á Netinu með skriflegum skilaboðum og með notkun spjall- og snarskilaboðaforrita (til dæmis MSN).

Spjallrás (chat room): Opið svæði fyrir samskipti í rauntíma á Netinu. Fólk alls staðar að úr heiminum getur hist á spjallrásum og rætt málin með skilaboðum sem það slær inn með lykilorðinu. Ef börnin þín nota spjallrásir skaltu ganga úr skugga um að það sé spjallborð við hæfi og að þar séu umsjónarmenn og gæslumenn að störfum.

Sprettigluggi (pop-up window): Gluggi sem skyndilega kemur upp á skjáinn þegar vefsíða er heimsótt eða þegar ýtt er á aðgerðarlykil. Venjulega hanga sprettigluggarnir á skjánum

þar til einhver þeirra valmöguleika sem þeir bjóða upp á er valinn eða þeim er lokað með því að smellt er rauða x-ið í horninu.

Stýrikerfi (operating system): Hugbúnaður sem keyrir grunnvinnslu tölvunnar og gerir það að verkum að mögulegt er að keyra annan hugbúnað. Þekktustu dæmin um stýrikerfi eru Windows, Mac OS og Linux.

Sýndareigur (virtual possession): Hlutir sem hver leikmaður hefur til umráða þegar spilaður er leikur á Netinu. Hver leikmaður á sínar sýndareigur sem sjást á tölvuskjánum þegar leikurinn er spilaður.

Sýndarheimur (Second Life): Er þekkt þrívíddarvefsamfélag sem bandarískt fyrirtæki sér um, Linden Labs. Notendur geta átt samskipti við aðra notendur í gegnum skjáverur (avatar) (sjá orðskýringar), búið sér til heimili, mismunandi umhverfi, skipst á og grætt peninga o.s.frv.

Tengi (port): Hlutur á tölvu sem gerir henni kleift að tengjast við annan búnað. Tengin geta bæði verið inni í tölvunni eða útvær. Inni í tölvunni eru tengi þar sem hægt er til dæmis að tengja móðurborð við harðan disk og netkort en útværu tengin eru ætluð til að tengja utanálíggjandi hluti eins og prentara og myndavélar við tölvuna.

Tengill (link): Vísun í skjal á Netinu (vefsíðu, textaskjal, mynd o.s.frv.) Þegar smellt er á tengil þá kemur ný síða upp eða jafnvel nýr vefur. Tenglar í texta vefsíðna eru yfirleitt undirstrikaðir og aðgreindir frá öðrum texta með lit. Myndir geta líka verið tenglar.

Tengslalisti (contact list): Listi yfir þá aðila sem þú tengist í snarskilaboðaforritum, tölvupóstforritum, netleikjum og farsímum. Það má bæta á tengslalista, neita tengslum og eyða út af honum.

Tilkynning (report): Er aðgerð sem gerir notendum í sýndarveruleikasvæðum kleift að tilkynna vandamál (tæknileg vandamál, óásættanlega hegðun, ólöglegt efni o.s.frv.) til gæslumanns (moderator) eða vefstjóra.

Tólaborð (toolbar): Listi tákmynda eða hnappa sem eru hluti af viðmóti forrita. Hlutverk tólaborða er að vera einfalt, alltaf til taks og auðvelt í notkun fyrir helstu skipanir forritsins.

Trójuhestur (trojan horses): Illgjarn forritunarkóði eða spilliforrit sem getur komist í tölvuna þína falið á bak við sakleysislegar aðgerðir. Trójuhestar fjölga sér ekki en þeir eru hannaðir til að komast að viðkvæmum upplýsingum og gögnum eða til að eyðileggja gögn og geta þannig þurrkað út allt af harða disknum eða stolihð trúnaðarupplýsingum.

Tölvubrjótur/tölvurefur (cracker/hacker): Persóna sem á ólöglegan hátt brýst inn í tölvukerfi.

Tölvuforrit (computer program): Stundum kallað hugbúnaður. Hugbúnaður samanstendur af skipulögðum röðum af skipunum sem eru skrifaðar af tölvuforriturum. Þessar raðir af skipunum gera tölvunni kleift að leysa verkefni. Þegar þú kaupir tölvuforrit koma þau gjarnan á gagnadiskum (sjá skilgreiningu).

Tölvuleikur eða stafrænn leikur (digital game): Leikur sem búinn er til af leikjahönnuðum og spilaður í tölvu. Netleikur er skilgreindur sem leikur sem þarf virka nettengingu til að hægt sé að spila hann. Netleikir geta stutt samskipti milli þeirra sem eru að spila hann hverju sinni.

Tölvupóstur (E-mail): Ákveðin tegund af rafrænum skriflegum skilaboðum. Gefur einnig tækifæri á því að senda skilaboð með mismunandi tegundum tölvuskraa sem viðhengi.

Tölvuskrá (computer file): Samsafn af skildum upplýsingum sem vistaðar eru á tölvunni undir einu skráarnafni. Það má hugsa sér að tölvuskrá sé nútíma útgáfa af skráum sem voru samansettar úr pappírsskjölum og voru geymdar á skrifstofum, skjala- og bókasöfnum. Tölvuskrá getur verið allt frá því að vera lítil textaskrá eða stök bíómynd upp í heilt forrit.

Tölvutorg (forum): Umræðusvæði á Netinu þar sem þátttakendur með svipuð áhugamál geta skipt á skoðunum um mismunandi umræðuefni.

Tölvuþing (newsgroup): Sjá tölvutorg (Forum).

Upphafssíða (homepage): Er sú síða sem kemur upp þegar vafri er ræstur. Hugtakið er einnig notað yfir forsiðu vefs.

Upplýsingaskrá (profile): Persónulegar upplýsingar á félagslegum netsvæðum, í snarskilaboðakerfum, spjallkerfum, netleikjum o.s.frv. Upplýsingaskrár geta verið opinberar (public) eða lokaðar (private) þar sem notandinn hefur sjálfur tækifæri á að sníða þær til að byggja upp mynd af sér í sýndarveruleikanum.

Vafri (browser): Forrit sem notað er til að skoða vefsíður. Internet Explorer, Firefox og Netscape Navigator eru algengustu vafrarnir fyrir Windows stýrikerfið meðan Safari er algengt í Mac Apple tölvum. Nýjustu útgáfur þessara forrita eru með mjög öflugum foreldrastýringum (parental controls).

Veffang (URL, Uniform Resource Locator): Er slóðin að ákveðnum vef, vefsíðu eða skjölum á Netinu. Veffang inniheldur enga sértæka stafi, tákni eða bil og notar skástrik til þess að vísa í mismunandi undirmöppur. Fyrsti hluti veffangsins gefur til kynna hvaða samskiptareglur eru notaðar og seinni hlutinn segir til um IP númerið/vistfangið (IP address) eða nafn umdæmisins/lénsins (domain) þar sem upplýsingarnar eru vistaðar.

Vefmyndavél (webcam): Er myndavél sem getur sent út á vefinn myndband með snarskilaboðum, styður við fjarfundarhugbúnað og spjallrásir. Vefmyndavélar sem hafa vefaðgengi geta hlaðið niður myndum á vefþjón annað hvort stanslaust eða með reglulegu millibili.

Vefsíða (website): Slóð eða staðsetning á veraldarvefnum. Hver og ein vefsíða inniheldur upphafssíðu sem er fyrsta skjalið sem birtist þegar farið er á vefsíðuna. Vefsíður innihalda vanalega tengla að öðrum skjölum og síðum. Eigendur að vefsíðum geta verið einstaklingar, félagasamtök eða fyrirtæki sem stýra einnig útliti og innihaldi síðanna.

Vefur (web): Styttling á orðinu veraldarvefurinn. Safn skjala á Netinu sem eru sniðin að HTML staðli (Ívafsmál/HyperText Markup Language) sem innihalda tengla að öðrum skjölum sem og myndum, hljóði og myndböndum. Vefur er hluti af Netinu.

Veggfóður (wallpaper): Mynstur, myndir eða aðrar tegundir af myndrænni framsetningu sem mynda bakgrunn fyrir skjáborð tölvunnar.

Vélbúnaður (Hardware): Þeir hlutar tölvunnar sem eru snertanlegir. Hugtakið vélbúnaður er notað til að greina þessa hluta tölvunnar frá því sem kallað er hugbúnaður (software) en hugbúnaðurinn er keyrður áfram af vélbúnaðinum. Vélbúnaðurinn getur verið inni í tölvuturninum sem móðurborð, örgjörvi, harður diskur eða utan við tölvuturninn sem lykklaborð, skjár, mús o.fl.

Viðhengi (attachment): Tölvuskrá sem send er með tölvupósti. Ormum (worms) og vírusum

er oft dreift sem litlum viðhengjum. Tölvupóstar frá óþekktum aðilum með viðhengjum eru grunsamlegir og því ætti að taka þeim með fyrirvara.


Viðvörðun (alert): Lítil gluggi sem sprettur upp á skjáinn til að gefa upplýsingar um eitthvað sem um er að vera eða vara við aðgerðum sem hugsanlega geta skaðað tölvuna, til dæmis tilkynningar um nýjan tölvupóst eða skilaboð frá vírusvarnarforriti.

Vírus (virus): Illgjarn forritunarkóði sem er hannaður til þess að dreifa sér með íhlutun notenda. Vírusar dreifa sér vanalega með viðhengi tölvupósta en einnig með utanálíggjandi minnislyklum (USB stick) eða geisladiskum (CD rom).

Vírusvörn (anti-virus): Tölvuforrit sem reynir að finna, einangra, hindra og eyða tölvuvírusum og öðrum spilliforritum. Vírusvörnin byrjar á að skanna þau skjöl sem koma inn í tölvuna til að leita að þekktum vírusum. Vírusvörnin greinir líka undarlega hegðun forrita sem gefur til kynna að um vírussmít sé að ræða.

Þjófnaður á persónukenni (identity theft): Að stela persónuupplýsingum og nýta sér þær á ólöglegan hátt.

Örgjörvi (processor): Eða CPU (Central Processing Unit) er hluti af tölvunni sem meðhöndlar upplýsingar, gefur stýriskipanir og geymir niðurstöður. Ásamt minni tölvunnar myndar það kjarna tölvunnar.



E. Gagnlegir tenglar

HJÁLPARLÍNA BARNNA

Heyrumst.is er vefur á vegum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, fyrir alla sem eru undir 18 ára aldri. Ef þig vantar ráðgjöf eða stuðning sendu þá póst í gegnum „Fáðu Ráðgjöf“ og þú færð svar innan sjö daga frá ráðgjafa Barnaheilla. Gætt er fyllsta trúnaðar.

<http://www.heyrumst.is>

Gagnlegar upplýsingar er einnig að finna á: <http://www.netoryggi.is>

Hjálparsími Rauða krossins á Íslandi 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opin allan sólarhringinn:

http://redcross.is/page/rki_hjalparsiminn1717

GERÐU UPPLÝSINGATÆKNINA ÖRUGGA

MakeITsecure er upplýsingasíða sem einblínr á öryggismál upplýsingatækni og þá sérstaklega: vefveiðar, njósnahugbúnað og þjófnað á persónukennum.

<http://www.makeitsecure.ie>

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Á vef Lýðheilsustöðvar eru margs konar upplýsingar um heilsutengt efni fyrir ungt fólk.
<http://www.lydheilsustod.is/ungt-folk/>

INSAFE

INSAFE er evrópskt tengslanet sem hefur það að markmiði að auka vitund fólks um öryggi á Netinu þannig að það geti notið þess góða sem Netið býður upp á um leið og það siglir örugglega framhjá þeim hættum sem þar leynast. <http://www.saferinternet.org>



Heimili og skóli
Landsvæðisráðgjafi



Styrkt af:
LIBERTYGLOBAL



Styrkt af með tilliti til samstarfsáttarinnar



Síminn



Titill: Fjölskyldugaman • Útgefandi: SAFT og Heimili og skóli, Reykjavík 2010 • Öll réttindi áskilin

Höfundar: Insafe með stuðningi frá Liberty Global/Chorus NTL, 2008

Ritstjóri þýðingar: Hrefna Sigurjónsdóttir • Þýðendur: Björgvin Ivar Guðbrandsson og Dógg Lára Sigurgeirsdóttir • Stöðlun: Sjófn Þórðardóttir og Þórunn Birgisdóttir
Profarkalestur: Hrefna Sigurjónsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir og Guðberg K. Jónsson, SAFT og Heimili og skóla; Aldís Yngvadóttir, Námsgagnastofnun;

Anna Margrét Sigurðardóttir, Póst- og fjarskiptastofnun; Jenny Ingudóttir, Lyðheilsustöð; Kristrún Birgisdóttir, náms- og starfsráðgjafi; Margrét Júlía Rafnsdóttir,
Barnaheill - Save the Children á Íslandi.

ISBN: 978-9979-9984-3-3

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.
Höfundarréttur: Insafe